



Leiðbeinandi tilmæli
til viðskiptabanka sparisjóða og annarra lánastofnana um frádrátt
á eigin fé samkvæmt 55. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka
og sparisjóði, vegna eignarhluta í veltubók í öðrum þeim félögum
sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í 44. gr. sömu laga.

nr. 3/2001
EKKI Í GILDI

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
Skjal þetta er birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (www.fme.is).

Október 2001

1.0 Inngangur.

Fjármálaeftirlitið, með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, gefur hér með út almenn leiðbeinandi tilmæli til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana um hvernig haga skuli frádrætti á eigin fé skv. 55. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, vegna eignarhluta í veltubók í félögum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í 44. gr. sömu laga.

Tilmælin taka einnig til þeirra lánastofnana sem starfa samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, þar sem í sbr. 2. mgr. 10. gr. þeirra laga er vísað til þess að um eigið fé gildi einnig ákvæði VI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Talin er ástæða til útgáfu almennra leiðbeinandi tilmæla um þetta efni þar sem nokkuð hefur borið á misræmi í túlkun hjá eftirlitsskyldum aðilum á eiginfjárreglum 1. mgr. 55. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, hvað varðar frádrátt frá eigin fé vegna eignarhluta í veltubók í öðrum fjármálafyrirtækjum.

2.0 Tilmæli.

1. gr.

Við útreikning á eigin fé viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana skulu eignarhlutir í félögum sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir 44. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, koma til frádráttar eigin fé í samræmi við 55. gr. laga nr. 113/1996 hvort sem um fjárfestingar- eða veltubókarviðskipti er að ræða.

Reykjavík, 17. október 2001

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll G. Pálsson

Ragnar Hafliðason